

# ÞJÓÐVELDISBÆRINN

## Ársreikningur 2024

Þjóðveldisbærinn, Gnúpverjahreppi  
Háaleitisbraut 68  
103 Reykjavík

Kt. 490779-0279

## Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar á ársreikninginn .....	3	Efnahagsreikningur .....	7
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4	Sjóðstreymi .....	8
Rekstrarreikningur .....	6	Skýringar .....	9

## Skýrsla og áritun stjórnar á ársreikninginn

Þeim ánægjulega áfanga var náð í desember árið 2024 að endurnýjaður máldagi var undirritaður. Máldaginn hafði síðast verið uppfærður árið 2012 og þar áður árið 2002 þegar hann var fyrst undirritaður. Meðal þess sem að nýr máldagi kveður á um eru hærrí greiðslur frá bakhjörlum Þjóðveldisbæjarins en það mun án efa skila sér í öflugu og reglulegu viðhaldi bæjarins til framtíðar. Önnur verkefni stjórnar á árinu 2024 voru flest tengd skipulagsmálum í kringum Þjóðveldisbæinn. Gengið var frá deiliskipulagi og stofnun tveggja lóða, undir bæinn sjálfan og undir þá starfsemi sem að rekstraraðili bæjarins hyggst koma á fót. Grundvöllur þessarar uppbyggingar er samningur sá sem gerður var við rekstraraðila árið 2023. Árið 2024 var jafnframt fyrst heila rekstrarar nýs rekstraraðila. Þrátt fyrir að uppbygging og skipulagsmál hafi tekið lengri tíma en áætlað var gekk reksturinn vel og ljóst er að aukin áhersla á markaðssetningu og þjónustu við innlenda og erlenda ferðamenn mun skila sér til framtíðar, með auknum fjölda gesta og þar með auknum tekjum fyrir Þjóðveldisbæinn. Eins og þessi ársreikningur ber með sér var ekki farið í stór viðhaldsverkefni en þess í stað safnað í sjóð sem mun nýtast í viðhaldsverkefni næstu ára. Viðhaldsverkefni eru fjárfrek verkefni í jafn sérhæfðu húsi og Þjóðveldisbærinn er.

Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi nam 8.606.588 kr. sem færist til hækkunar á óráðstafað eigið fé.

Stjórn Þjóðveldisbæjar staðfestir hér með ársreikninginn fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 4. apríl 2025

Í stjórn Þjóðveldisbæjar:

Guðmundur Finnbogason, formaður

Bjarni Hlynur Ásbjörnsson

Auður Harpa Þórssdóttir

Vilhelmina Jónsdóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Þjóðveldisbæjar

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Þjóðveldisbæjar fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu bæjarins á árinu 2024, efnahag hans 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fó á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Þjóðveldisbænum í samræmi við alþjóðlegar síðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Ábyrgð stjórnar á ársreikningum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna svíksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Þjóðveldisbæjarins. Ef við á, skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers végna þeir ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa bæinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum svíksemi eða mistaka.

Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða svíksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningum, hvort sem er vegna mistaka eða svíksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna svíksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem svíksemi getur falíð í sér samsæri, skjalfals, misvisandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits bæjarins.
- Metum hvort reikningsskilaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasendum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vejkja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvara lausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi bæjarins.

BNB  
H  
my  
OF

## Áritun óháðs endurskoðanda frh.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggjar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 4. apríl 2025.

**Deloitte ehf.**



Jóhann Óskar Haraldsson  
endurskoðandi



## Rekstrarreikningur árið 2024

	Skýr.	2024	2023
<b>Rekstrartekjur</b>			
Aðstöðuleiga .....	175.587	0	
Rekstrarstyrkur frá menningar- og viðskiptaráðuneyti .....	2.000.000	2.000.000	
Rekstrarstyrkur frá Landsvirkjun .....	1.000.000	1.000.000	
Styrkur frá Landsvirkjun vegna heimtaugar .....	6.000.000	0	
	<u>9.175.587</u>	<u>3.000.000</u>	
<b>Rekstrargjöld</b>			
Viðhaldskostnaður .....	1.294.359	2.202.246	
Kynningarrefni .....	137.347	211.236	
Fundakostnaður .....	0	16.800	
Vátryggingariðgjald .....	104.839	93.512	
Bókhaldskerfi og endurskoðun .....	617.416	612.205	
	<u>2.153.961</u>	<u>3.135.999</u>	
Rekstrarhagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði .....	7.021.626	( 135.999)	
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....	2.040.017	1.532.952	
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur .....	( 455.055)	( 350.069)	
	<u>1.584.962</u>	<u>1.182.883</u>	
Hagnaður ársins.....	<u>8.606.588</u>	<u>1.046.884</u>	

TSMA  
H  
OF  
W

## Efnahagsreikningur 31. desember 2024

### Eignir

	Skýr.	2024	2023
<b>Fastafjármunir:</b>			
þjóðveldisbær - kostnaðarverð (brunabótamatsverð kr. 59.600.000) ...		468.770	468.770
Stafkirkja - kostnaðarverð (brunabótamatsverð kr. 7.930.000) .....		5.786.865	5.786.865
Fastafjármunir samtals		6.255.635	6.255.635
<b>Veltufjármunir:</b>			
Menningar- og viðskiptaráðuneyti .....		0	2.000.000
Bankainnstæður .....		34.283.586	23.986.363
Veltufjármunir samtals		34.283.586	25.986.363
<b>Eignir samtals</b>			
		<u>40.539.221</u>	<u>32.241.998</u>

### Eigið fé

<b>Eigið fé:</b>			
Óráðstafað eigið fé .....		40.528.385	31.921.797
<b>Eigið fé samtals</b>			
	3	<u>40.528.385</u>	<u>31.921.797</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Skammtímaskuldir .....		10.836	320.201
Skuldir samtals		10.836	320.201
<b>Eigið fé samtals</b>			
		<u>40.539.221</u>	<u>32.241.998</u>

TOMT  
AF \*

## Sjóðstreymisyfirlit árið 2024

Skýr. 2024 2023

## Rekstrarhreyfingar

Hagnaður .....	8.606.588	1.046.884
	Veltufé frá rekstri	8.606.588
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:		
Skammtímakröfur, breyting .....	2.000.000	( 1.462.750)
Skammtímaskuldir, breyting .....	( 309.365)	305.082
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	1.690.635	( 1.157.668)
	Handbært fé (til) frá rekstri	10.297.223
		( 110.784)
<b>Breyting á handbæru fé .....</b>	<b>10.297.223</b>	<b>( 110.784)</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>	<b>23.986.363</b>	<b>24.097.147</b>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>	<b>34.283.586</b>	<b>23.986.363</b>

Robert  
Coff 11  
my

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Almennt

- Þjóðhátiðarnefnd 1974 beitti sér fyrir byggingu þjóðveldisbæjar í Skeljastaðalandi í Þjórsárdal í tilefni af ellefu hundruð ára afmæli Íslandsbyggðar. Bæjarrústirnar að Stöng í Þjórsárdal voru lagðar til grundvallar byggingu þjóðveldisbæjarins. Þjóðveldisbærinn var vígður árið 1974. Kirkja þjóðveldisbæjarins, reist að norskri fyrirmynnd, var vígð árið 2000. Um málefni hennar fer skv. máldaga fyrir kirkju þjóðveldisbæjarins í Þjórsárdal, sem undirritaður var af hússtjórn þjóðveldisbæjarins og biskupinum yfir Íslandi hinn 21. júlí 2000. Þjóðveldisbærinn og kirkjan eru eign íslenska ríkisins. Menningar- og viðskiptaráðuneytið fer með yfirstjórn og eigendaforræði yfir þjóðveldisbænum og kirkjunni.

### Grundvöllur reikningsskila

- Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í íslenskum krónum. Allur kostnaður vegna viðhalds og uppbyggingar þjóðveldisbæjarins er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

### Eigið fé

- Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða 1.1.2024 .....	31.921.797	31.921.797
Hagnaður ársins .....	8.606.588	8.606.588
Staða 31.12.2024 .....	<u>40.528.385</u>	<u>40.528.385</u>

Tomáš H  
CH  
my